

Birt hefur verið í B-deild stjórnartíðinda meðfylgjandi reglugerð nr. 1330/2023 um opinber innkaup á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum sem sett er með stoð í 32. gr. b í lögum um loftslagsmál. Reglugerðin er innleiðing á tilskipun ESB 2019/1161.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér ákveðin viðmið um *innkaup opinberra aðila á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum og akstursþjónustu* líkt og aðrar Evrópuþjóðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/33/EB sbr. tilskipun 2019/1161. Opinberir aðilar, sem vinna eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð um innkaup veitustofnana nr. 340/2017, eiga að haga sínum innkaupum í samræmi við þessi viðmið. Hér er um að ræða ríkisstofnanir, sveitarfélög og veitustofnanir auk annarra opinberra aðila.

Upphaflega var tilskipun 2009/33/EB innleidd í lög um loftslagsmál nr. 70/2012, sbr. lög nr. 62/2015. Samkvæmt 32. gr. b. laganna er opinberum aðilum skylt að taka mið af líftímakostnaði farartækis vegna orkunotkunar og umhverfisáhrifa við innkaup á bifreiðum. Þannig var skylt að setja fram kröfur varðandi orkueyðslu og umhverfisáhrif í tæknilyngu útboða og hafa líftímakostnað sem valforsendu við innkaupin. Takmörkun á gildissviði tilskipunarinnar leiddi til þess að of fáar reglur um opinber innkaup féllu hér undir og valkostir ríkja við að innleiðingu gerðarinnar leiddi til margvíslegra regna milli ríkja. Því var ákveðið að breyta heildarnálgun tilskipunarinnar og setja lágmarksmarkmið fyrir innkaup á vistvænum ökutækjum auk þess að víkka gildissvið hennar.

Þróunin á Íslandi hefur verið í þá átt að opinberir aðilar kaupa fremur rafbíla og tengiltvinnbíla ef það er mögulegt. Áhersla hefur verið lögð á það hjá ríkinu að velja fremur slíkar bifreiðar og hefur rammisamningur ríkisins verið notaður til að stýra innkaupunum í átt að umhverfisvænni kostum. Sveitarfélögin, t.d. Reykjavíkurborg, hafa einnig sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr útblæstri með kaupum á rafbílum. Sama má segja um veitustofnanir og stóra innkaupsaðila líkt og Isavia og Landsvirkjun svo dæmi séu tekin.

Framangreind lög og tilskipun um innkaup á vistvænum og orkunýtnum ökutækjum. Reglugerðin á eingöngu við um innkaup á ökutækjum og akstursþjónustu sem fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk á EES-svæðinu í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð um innkaup veitustofnana nr. 340/2017. Hér er um að ræða ríkisstofnanir, sveitarfélög og veitustofnanir auk annarra opinberra aðila. Helsta breytingin sem felst í tilskipun 2019/1161 er sú að einnig Samkvæmt reglugerðinni þarf jafnframt að huga að umhverfisvænni kostum við innkaup hins opinbera á ýmis konar þjónustu, t.d. bílaleigubílum, leigubílum o.fl. Þetta gildir einnig um þjónustuaðila sem annast póstflutninga, sorphirðu og akstur almenningsvagna svo dæmi séu tekin. Eftir gildistöku reglugerðarinnar ber opinberum aðilum að velja þá kosti sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar við öll innkaup og samningsgerð sem fara yfir viðmiðunarmörk á EES-svæðinu, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt.

Lágmarksmarkmið sem fjallað er um í viðauka við reglugerðina eiga við um innkaup opinberra aðila fyrir landið í heild en skiptast ekki niður á stofnanir eða sveitarfélög. Samkvæmt lögum um opinber innkaup og reglugerðum skv. þeim, ber tilgreindum aðilum að tilkynna um gerða samninga sem fara yfir viðmiðunarmörkum á EES-svæðinu með rafrænum hætti í gegnum vefinn TED (Tenders electronic daily) sem er viðbót við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins (<https://ted.europa.eu>) þannig að unnt verður að fylgjast með því hvernig opinberum aðilum á Íslandi gengur að uppfylla skuldbindingar skv. tilskipuninni.

Undanþegin þessum reglum eru m.a. kaup á sjúkrabílum, slökkvibílum, líkbílum, ökutækjum með hjólastólaaðgengi, færanlegum krönum, námubílum o.fl. Undir undaþáguna falla einnig ökutæki sem nýtt eru í þágu löggæslu, almannavarna og allsherjarreglu, ökutæki til notkunar á byggingarsvæðum, í höfnum eða á flugvöllum.

Við gerð reglugerðarinnar var haft samráð við fjármála- og efnahagsráðuneytið, innviðaráðuneytið, Ríkiskaup, Samgöngustofu, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vegagerðina.